

**Brjef stjórnarráðsins til biskups um flutning Sauðafellskirkju að Kvinnabrekku.**

- 131**  
15. sept. hjernæð samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dags. 8. þ. m., og með skirskotun til 4. gr. í lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907, um skipun prestakalla, veitt leyfi til þess að söfnuðurinn í Sauðafellssókn í Dalaprófastsdæmi megi færa sóknarkirkju sína á Sauðafelli að Kvinnabrekku, þó því að eins að næsti hjeradsfundur samþykki kirkjuflutninginn.
- Þetta er yður hjernæð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

**Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Isafjarðarsýslu um endurgjald á**

- 132**  
23. sept. sveitarstyrk.

Ásgeiri H. P. Hraundal, sem fæddur er í Nauteyrarhreppi 13. júní 1888, var samkvæmt beiðni hans, eftir að af honum hafði verið tekin æfiferilsskýrsla, þann 8. febrúar 1918, til framfærslu honum og fjölskyldu hans, konu og 8 börnum á ómagaldri, veittur styrkur, að upphæð kr. 277.60, úr sveitarsjóði dvalarsveitar hans, Kirkjuhvammshreppi.

Með brjefi, dags. 11. s. m., beiddist oddviti Kirkjuhvammshrepps viðurkenningar fæðingarhrepps Ásgeirs á sveitfesti hans og endurgreiðslu  $\frac{2}{3}$  styrksins. Þessi krafa barst oddvita Nauteyrarhrepps í hendur í aprílmánuði og með brjefi, dags. 20. s. m., játuði oddvitinn að Ásgeir væri fæddur í Nauteyrarhreppi og sendi umkrafa  $\frac{2}{3}$  hluta hins veitta styrks, sem hann kallaði dýrtíðarlán, og bað jafnframt um uppskrift á eignum Ásgeirs til þinglýsingar til tryggingar upphæðinni. Áftur var Ásgeiri veittur, á tímabilinu frá 27. mars til 15. apríl, 447,32 kr. styrkur af dvalarsveitinni og krafðist hún endurgreiðslu á honum að  $\frac{2}{3}$  hlutum, sem endurgreiddir voru með brjefi oddvita Nauteyrarhrepps, dags. 18. nóv. 1918, og þar heldur hann enn fram, að hinn veitti styrkur sje dýrtíðarlán samkvæmt lögum nr. 26, 29. sept. 1917, 5. gr. og rjúfi ekki sveitfestisdvöl Ásgeirs í Kirkjuhvammshreppi, sem byrjað hafi 14. maí 1908 og sje fullnuð, þrátt fyrir hinn veitta styrk, 14. maí 1918 og væntir þess, að Nauteyrarhreppur verði ekki framar krafinn framfærslueyris fyrir Ásgeir. Oddviti Kirkjuhvammshrepps mótmælir þessum skilningi um hinn veitta styrk, er hann telur venjulegan sveitarstyrk og ennfremur telur hann, að Ásgeir hafi ekki haft löglegt heimilisfang í Kirkjuhvammshreppi fyr en allöngu eftir 14. maí 1908. Í brefi, dags. 20. júlí, beiddist oddviti Kirkjuhvammshrepps, »að viðkomandi stjórnarvöld úrskurðuðu hvar nefndur Ásgeir skyldi teljast sveitlögur«, en þrátt fyrir yfirlýsingu oddvita Nauteyrarhrepps í áðurnefndu brjefi, dags. 18. nóv., vikið þjer, herra sýslumaður, yður hjá að leggja úrskurð á málið, en segið í brjefi, dags. 3. des. 1918, í þess stað: »Tel jeg liggja fyrir nægilega skýra yfirlýsingu um sveitfesti þurfalingsins í Nauteyrarhreppi er hjálpin var veitt, en öðru máli er að gegna um áhrif hins veitta á sveitfestisdvöl hans í Kirkjuhvammshreppi, en sú spurning liggur ekki fyrir til úrskurðar«. En þetta síðasta var þó atriðið sem aðaldeilan stóð um og úrskurða þurfti til leiðbeiningar fyrir málsaðilja.

Með brjefum, dags. 28. jan. og 18. febrúar þ. á., sendir oddviti Kirkjuhvammshrepps reikninga yfir styrk veittan þurfalingnum á tímabilinu frá 5. ág. 1918 til 17. febrúar þ. á., samtals að upphæð kr. 1271.91, er hann krefst endurgreiðslu á að fullu sökum dráttar á sveitfestisviðurkenningu og endurnýjar beiðni sína um yfirvaldsúrskurð. An þess að bera kröfur þessar undir oddvita Nauteyrarhrepps, sem og engi nauðsyn bar til, leggið þjer þann úrskurð á málið 12. mars þ. á., að styrk þann, er fyrst var veittur þurfalingnum »náí engri